

### Efni: Vigraholt – deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér nýjustu gögn vegna deiliskipulagstillögu fyrir Vigraholt í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Nefndin vill af því tilefni koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Í umsögn sinni frá 28. júní skrifaði Breiðafjarðarnefnd um landslagsvernd verndarsvæðis Breiðafjarðar:

„Vegna landslagsverndar verndarsvæðis Breiðafjarðar telur Breiðafjarðarnefnd að endurmeta þurfi sjónræn áhrif framkvæmda á landslagið við skipulagssvæðið. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda eru talin óveruleg á landslagið skv. umhverfisskýrslu sem Arkís hefur unnið. Svæðið er að hluta til þakið náttúrulegum skógi, sem verður fyrir verulegum breytingum og auk þess eru lóðir skráðar þétt meðfram strandlínu Breiðafjarðar þar sem hótélbygging og frístundahús munu rísa. Þó að lóðir fyrir frístundabyggð eru áætlaðar stórar, lögð sé áhersla á að mynda ekki þetta byggð húsa og að húsunum verði komið fyrir þannig að þau falli vel að landinu, verður svæðið fyrir verulegum sjónrænum áhrifum að mati Breiðafjarðarnefndar. Einnig má benda á að skipulagssvæðið er holt sem stendur hærra en næsta nágrenni, sem gerir það að verkum að allar byggingar verða sýnilegri í næsta umhverfi. Breiðafjarðarnefnd telur þar af leiðandi að sjónræn áhrif og áhrif á landslag svæðis séu almennt neikvæð frekar en óveruleg“.

Ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda Breiðafjarðarnefndar í nýjustu útgáfu umhverfisskýrslunnar þar sem áhrif tillögu á landslag og sjónræn áhrif eru enn metin „óveruleg /jákvæð áhrif“. Deiliskipulagssvæðið teygir sig meðfram strönd Breiðafjarðar á u.þ.b. 4,5 km kafla og gert er ráð fyrir að byggingarlóðir verði meðfram allri strandlengjunni. Ljóst er að grannsvæði verndarsvæðis Breiðafjarðar verður fyrir meiriháttar sjónrænum breytingum á þessu svæði. Grannsvæðið er mikilvægt fyrir landslagsvernd Breiðafjarðar þar sem upplifun af landslagi strandsvæða er háð landnotkun. Verndarsvæði Breiðafjarðar liggur aðeins 50 m frá deiliskipulagssvæðinu og Breiðafjarðarnefnd fer þess vegna fram á frekari skýringar á mati umhverfisskýrslunnar hvað varðar landslag og sjónræn áhrif. Breiðafjarðarnefnd leggur til að mat á flokknum „landslag og sjónræn áhrif“ verði lagfært til að gera grein fyrir breytingum í grannsvæði verndarsvæðisins. Þetta er sérlega brýnt í ljósi þess að eitt af meginmarkmiðum laga um vernd Breiðafjarðar er að standa vörð um landslag svæðisins.

Breiðafjarðarnefnd fjallaði einnig um birkiskóginn á deiliskipulagssvæðinu í umsögn sinni frá 18. mars og 28. júní. Nefndin fór fram á að fá heimild fyrir því að birkiskógur svæðisins væri ekki talinn falla undir sérstaka vernd sbr. lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Hvergi í málsferli hefur fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar verið svarað og enn kemur fram í nýjustu útgáfu umhverfisskýrslunnar að

„birkiskógurinn á skipulagssvæðinu fellur ekki undir sérstaka vernd sbr. ofangreind lög. Samkvæmt kortagrunni Skógræktarinnar er skógurinn talin vera 60-100 ára og er þar með hvorki talinn vera „gamall“ samkvæmt lögnum eða vistfræðilega mikilvægur í

heildarsamhenginu og því ekki talin vera þörf á sérstakri umsögn Umhverfisstofnunar við úthlutun framkvæmda- og/eða byggingaleyfa“.

Breiðafjarðarnefnd krefst heimilda og skýringar fyrir þessa röksemd þar sem lögin nr. 60/2013 um náttúruvernd kveða ekki um aldursviðmið fyrir mikilvægi birkiskóga. Í rannsókn Ólafs Eggertssonar og Hjalta J. Guðmundssonar á aldri birkis í einum af best varðveittu birkiskógum landsins kom í ljós að meðalaldur birkis þar var 109 ár.<sup>1</sup> Því verður ekki annað séð en að 60-100 ára birki teljist nokkuð gamalt á íslenskan mælikvarða, að birkið í Vigraholti hafi hátt verndargildi og falli því undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar frá mars og júní hefur enn ekki verið svarað og engin frekari rök færð fyrir þessari vafasömu fullyrðingu. Breiðafjarðarnefnd telur að ákvæði náttúruverndarlaga um vernd birkiskóga eigi mögulega við um hluta deiliskipulagssvæðis og þarf að ganga um skugga um það áður en haldið er áfram að skipuleggja innan birkiskógar svæðisins.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd að framkvæmdirnar hafa langtímaáhrif á deiliskipulagssvæðið. Verndarsvæði Breiðafjarðar, sem liggur innan og við skipulagssvæðið, verður sömuleiðis fyrir langtímaáhrifum sem geta haft neikvæðar afleiðingar fyrir verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

---

<sup>1</sup> Ólafur Eggertsson, Hjalti J. Guðmundsson. (2002). *Aldur birkis (Betula pubescens Ehrh.) í Bæjarstaðarskógi - áhrif veðurfars á vöxt þess og þroska*. [https://www.researchgate.net/publication/350818512\\_Aldur\\_birkis\\_Betula\\_pubescens\\_Ehrh\\_i\\_Baejarstadarskogi\\_-\\_ahrif\\_veðurfars\\_a\\_voxt\\_þess\\_og\\_þroska](https://www.researchgate.net/publication/350818512_Aldur_birkis_Betula_pubescens_Ehrh_i_Baejarstadarskogi_-_ahrif_veðurfars_a_voxt_þess_og_þroska) The age of the birch *Betula sp* woodland at Bæjarstadur South Iceland